

ERLA ERLENDSDÓTTIR
ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Kurz und bündig, raso y corto
eða stutt og laggott

Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku

1. Inngangur

Mikil gróska er í umfjöllun erlendra fræðimanna um eiginleika, formgerðir og flokkun fastra orðasambanda, mikilvægi þeirra sem hluta af orðaforða tungumálsins sem og hlutverk þeirra í námi og kennslu erlendra tungumála. Hér á landi hafa komið út verk um málshætti, orðtök og fleyg orð sem bera miklum áhuga á föstum orðasamböndum glöggt vitni. Sama má segja um þá staðreynd að í íslenskum páskaeggjum er auk góðgætis að finna málshætti sem oft skapa líflegar umræður um tungumálið. Fræðileg umræða um flokkun, eiginleika og einkenni fastra orðasambanda hefur hins vegar ekki verið mjög hávær. Í þessari grein beinum við sjónum okkar að einum undirflokki fastra orðasambanda, nánar tiltekið flokki sem nefndur hefur verið *orðapör*, *parasambönd* eða *samstaður* á íslensku. Við kjósum að kalla orðasamböndin sem hér eru til umfjöllunar *orðapör*, enda þótt heitið hafi verið notað á annan hátt í íslensku, og fylgjum þar þýskum sérfræðingum á fræðasviðinu sem nota jafnan heitið *Wortpaar* um fyrirbærið. Önnur heiti í þýsku eru m.a. *Paarformeln* og *Zwillingspaare*. Í spænsku hefur

heitið *binomio* fest sig í sessi.¹ Orðapör eru ávallt mynduð af tveimur orðum úr sama orðflokki (t.d. nafnorði, lýsingarorði, atviksorði eða sagnorði) sem eru tengd með samtengingum (t.d. *fríður og ró*) eða forsetningum (t.d. *skref fyrir skref*).

Orðapörum bregður gjarnan fyrir í daglegu máli en þeim er oft beitt til að krydda tungumálið eða til að gefa orðum aukinn þunga. Nýlegt dæmi um notkun slíkra para er að finna í eftirfarandi ummælum Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis: „Þá þurfum við að skoða hvort við förum í tilviljanakennt úrtak þar; förum þá ekki endilega eftir aldri heldur boðum holt og bolt í bólusetningu“ (*mbl.is*).² Annað dæmi er fengið úr fréttum RÚV frá júlí 2021 en þar segir frá því að „líf virðist vera að færast í bæjarhátíðir vítt og breitt um landið“ og „viðbúið að margir verði á faraldsfæti um borg og bí“. Titill fréttarinnar er „Bæjarhátíðir um hvippinn og hvappinn um helgina“ (*ruv.is*).

Frá alda öðli hefur notkun orðapara auðgað tungumál og gert þau kjarnmikil og blæbrigðarík. Þetta á við um tungumálin þrjú sem hér eru til umfjöllunar: íslensku, spænsku og þýsku. Fræðimönnum ber flestum saman um að rætur orðapara megi rekja til latneskrar mælskulistar (Burger 2015, 150; García-Page Sánchez 2008, 329; Mellado Blanco 1998, 285–287) og að líkast til hafi þau og notkun þeirra borist yfir í önnur tungumál með latneskum textum. Hvað sem upprunanum líður þá sýna heimildir að pör af þessu tagi koma fyrir í þýskum textum frá miðöldum, einkum laga-textum, í spænsku fyrirfinnast þau frá árdögum tungunnar og ef litið er til íslenskunnar virðist notkun orðapara einnig vera nokkuð forn í málinu. Eitt elsta dæmið sem hefur rekið á fjörur greinarhöfunda, og enn er haft á takteinum í málinu, er *gláður og reifur*, orðapar sem kemur fyrir í Hávamálum. *Þögull og íbugull*, eða *þagalt og hugalt* eins og segir í kvæðinu,³ kemur fyrir í sömu heimild (Eddukvæði 1954, 26) og önnur forn orðapör eru *lof og vit*, *snápir og gapir* og *ný og nið*, svo fáein séu nefnd.

Hér verður fjallað um orðapör í íslensku, spænsku og þýsku frá

1 Önnur hugtök og heiti í málinu eru *binomios fraseológicos*, *pares de palabras* (orðapör) og *co-compuestos* (samstæður).

2 Undirstrikunin er höfunda.

3 „þagalt ok hugalt / skyli þjóðans barn / og vígdjarft vera / gláðr og reifr / skyli gumna hverr / unz sinn bíðr bana.“

sjónarhóli orðasambandafræði eða fraseólógíu. Markmiðið er annars vegar að komast að raun um hvort orðapör séu algeng í málunum þremur og hins vegar að greina helstu einkenni þeirra, sem og kanna hvort hliðstæður í tungumálunum séu fyrir hendi. Tungumálin sem urðu fyrir valinu til samanburðar við íslenskuna heyra annars vegar til germanskra og hins vegar til rómanskra mála. Slíkur samanburður er áhugaverður þar sem tungumálin tilheyra mismunandi tungumálafjölskyldum. Hér leikur höfundum forvitni á að vita hvort einhver munur sé á gerð, byggingu og notkun orðapara á milli þessara mála.

Umfjöllunarefnið er ekki nýtt af nálinni, í aldanna rás hefur mikið verið ritað um orðapör. Í mælskulistinni hafa þau gegnt mikilvægu hlutverki og á miðöldum voru orðapör í hávegum höfð (Burger 2015, 150; García-Page Sánchez 2008, 329). Þá hefur athygli fræðimanna á sviði fraseólógíu beinst í vaxandi mæli að þessu fyrirbæri málsins hin síðari ár og eru fjölmargar greinar og skrif til marks um áhuga þeirra og rannsóknir.

2. Orðapör sem föst orðasambönd: Gerð og einkenni

Svissneski málvísindamaðurinn Harald Burger hefur með rannsóknum sínum á sviði fraseólógíu lagt grunn að flokkun fastra orðasambanda sem fjöldi annarra fræðimanna leggur til grundvallar sínum eigin flokkunum en erlendir fræðimenn víkka sífellt út skilgreiningar á því hvað af orðaforða tungumálsins megi flokka sem föst orðasambönd og hvað ekki. Má benda á t.d. Jürg Häusermann (1977), Wolfgang Fleischer (1988) og Wernfried Hofmeister (2010) sem hafa fjallað um föst orðasambönd í þýsku. Aðrir fræðimenn hafa fylgt í kjölfarið og leitað í smiðju Burgers og annarra þýskra frumkvöðla í fræðunum. Má hér nefna Gloria Corpas Pastor (1997), Mario García-Page Sánchez (2008), Leonor Ruiz Gurillo (2001), Ramón Almela Pérez (2006) og Gerd Wotjak (1998) í spænskumælandi löndum beggja vegna Atlantshafsins. Þá hafa Carmen Mellado Blanco (1998) og Berit Balzer (2008, 2017) rannsakað föst orðasambönd jafnt í þýsku sem spænsku. Hvað varðar rannsóknir á orðasamböndum í íslensku má segja að þær séu

enn bernskar þó að benda megi á nokkur úrvalsverk, orðabækur yfir orðasambönd og orðatiltæki,⁴ sem hafa komið út á undanförunum áratugum og nokkrar greinar sem hafa birst í tímaritunum *Milli mála* og *Orð og tunga*.⁵

Sem föst orðasambönd búa orðapör yfir þeim einkennum orðasambanda að vera fleiryrt, þ.e. samanstanda af fleiri en einu orði. Annað einkenni orðapara er festa þeirra og mörg orðapör búa einnig yfir orðtakseðli (sjá Oddný G. Sverrisdóttir, 2009, 152–157). Burger flokkar föst orðasambönd í þrjá meginflokkka, það eru tilvísandi föst orðasambönd, formgerðarleg föst orðasambönd og samskiptabundin föst orðasambönd (Burger 2007, 36–38). Tilvísandi föst orðasambönd eru fullyrðingar eða ígildi setningarliða, dæmi um þetta eru *hitta naglann á höfuðið, den Nagel auf den Kopf treffen* og *darle al clavo en la cabeza*. Formgerðarleg föst orðasambönd eru byggð upp á ákveðinn hátt, fylgja ákveðnu mynstri og eru *kurz und bündig, raso y corto* og *stutt og laggott* dæmi um slík föst sambönd. Orðapör, umfjöllunarefni þessarar greinar, flokkast undir þessa gerð fastra orðasambanda. Þriðji flokkur Burgers eru samskiptabundin föst orðasambönd. Þau koma fyrir í samskiptabundnu samhengi, dæmi úr íslensku og þýsku eru *góðan dag, takk fyrir síðast, takk fyrir matinn, guten Rutch* (‘gleðilegt nýtt ár’, hafðu það gott um áramótin’)⁶ (Burger 2007, 36–38; Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 164). Í spænsku eru *¿cómo estás?* (‘hvað segir þú gott’), *muchas gracias* (‘kærar þakkir’) og *hasta mañana* (‘sjáumst á morgun’) dæmi um samskiptabundin föst orðasambönd (Corpas Pastor 1997, 187–189).

Orðapör eru skilgreind sem tvö orð í sama orðflokki sem tengd eru með orði sem við kjósum að kalla *tengiord*, yfirleitt samtenging eða forsetning, og koma að jafnaði fyrir í ákveðinni röð sem ekki er unnt að breyta, þ.e. festan er alger. Dæmi um þýsk orðapör eru *gang und gäbe sein* (‘vera mjög algengur’), *klipp und klar* (‘skýrt og skorinort’) og *fix und fertig sein* (‘vera búinn að vera’). Í þessum orða-

4 Einkum Jón G. Friðjónsson (2006; 1997) og Jón Hilmar Jónsson (2001; 2002; 2004). Sjá einnig Jón Hilmar Jónsson og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslenskt orðanet*. Árnastofnun. <https://ordanet.arnastofnun.is/> [sótt 15. mars 2021].

5 Sjá t.d. Oddný G. Sverrisdóttir (2009; 2012); Penas Ibáñez, María Azucena og Erla Erlendsdóttir (2017); og Erla Erlendsdóttir og Núria Frías Jiménez (2019).

6 Hér og eftirleidis er merking orðasambandsins höfð innan sviga.

pörum er ekki unnt að breyta orðaröðinni sem myndar orðaparið, **gäbe und gang* er ekki til frekar en **klar und klipp* eða **fertig und fix*. Röð orðanna er *óbreytanleg* (þý. *irreversibel*, sp. *irreversible*). Dæmi um orðapör í spænsku eru *coser y cantar* (,mjög auðvelt‘), *a cal y canto* (,harðlæst og lokað‘) og *a bombo y platillo* (,með lúðrablæstri og trumbuslætti‘). Hér er orðaröðin óhagganleg eins og í fyrri dæmum og fyrir vikið eru **cantar y coser*, **canto y cal* eða **platillo y a bombo* ekki til sem föst orðasambönd í málinu (García-Page Sánchez 2008, 329; Balzer 2017, 239; Corpas Pastor 1997, 115–117). Dæmi um íslensk orðapör eru *um borg og bý*, *sultur og seyra* og *eftir dúk og disk*. Í þeim er það sama uppi á teningnum, að orðaröðinni verður ekki breytt **bý og borg* og **eftir disk og dúk* er ekki til frekar en **seyra og sultur*.

Í orðapörum getur verið um yfirfærða merkingu að ræða og þá eru dæmi um að í þeim geti komið fyrir *stakyrði* (þ. *unikale Komponente*, sp. *componente único, fósil fraseológico, palabra diacrítica, palabra idiomática*) (sjá Oddný G. Sverrisdóttir 2012, 165; Aguilar Ruiz 2011, 2020). Það kallast *stakyrði* ef orð koma einungis fyrir í einu orðasambandi í orðaforða tiltekins tungumáls og eru ekki notuð í öðru samhengi (sjá Burger 2007, 12; Fleischer 1982, 42; Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 157; García-Page Sánchez 1990, 270–290; 2008, 352–362; Aguilar Ruíz 2020). Stuðlaða þýska orðaparið *gang und gäbe sein* (,vera mjög algengur‘) státar af tveimur *stakyrðum*. Það samanstendur af *gang* sem dregið er af sagnarlýsingarorðinu *gäng* sem síðar breyttist í *gang*. Í fornháþýsku var það *gangi*, í miðháþýsku *genge* og merkti ,vera í umferð, ganga manna á milli‘ og *gäbe* sem merkir ,gjaldgengur‘. *Gang und gäbe sein* á rætur sínar að rekja til myntsláttá á 13. öld og var notað um þá mynt sem var algeng en fékk síðan víðari merkingu (sjá Röhrich 1982, 301–302; Duden 7 1989, 216). Í orðaparinu *klipp und klar sein* (,skýrt og skorinort‘) er *klipp* einnig dæmi um *stakyrði*. *Klipp* má rekja til þess að klappað var þegar verslað var með búfé fyrr á tímum (sjá Röhrich 1982, 517–518). Í spænsku telst *moliente* í orðaparinu *moliente y corriente* (,venjulegur, algengur, hversdagslegur‘) vera *stakyrði* og einnig er *daca* í *toma y daca* (,greiði á móti greiða‘) dæmi um það sama (Aguilar Ruiz 2020, 168; 2011, 94). *Moliente* er forn lýsingarháttur nútíðar af orðinu *moler* (,mala, pressa‘) en *daca*, í *toma y daca*,

hefur myndast fyrir samruna tveggja orða, annars vegar sagnorðsins *dar* ‚gefa, rétta‘ og hins vegar atviksorðsins *acá* ‚hingað‘. Annað athyglisvert dæmi um stakyrði í spænsku er orðið *cras* sem er atviksorð og merkir ‚á morgun‘. Orðið kemur fyrir í orðasambandinu *boy venido y cras garrido* (erfiðleikar sem eru að baki í dag eru það ekki endilega á morgun). Hér er á ferðinni forna latneska orðið *cras* ‚á morgun‘ sem vék fyrir öðru orði á miðöldum en hefur haldist í þessu orðasambandi (García-Page Sánchez 1990, 284). Hvað íslenskuna varðar mætti e.t.v. nefna orðaparið *bolt og bolt* (,upp til hópa, án þess að gera greinarmun á einstökum hlutum‘ (*ÍO*), ‚af handahófi, upp og ofan‘ (*ÍOS*) eða ‚út um allt og óreglulega‘ (*ÍNO*)) þar sem *bolt* er rímorð og stakyrði. Benda má á orðapörin *von og óvon*, *punktur og basta*, *á ríui og stúi*, *hvorki tangur né tetur* og *lon og don* sem dæmi um orðapör með stakyrðum, þó með þeim fyrirvara að sum orðapörin eru tökuorðapör.

Stakyrði geta átt sér *samyrdi* annarrar og óskyldrar merkingar (þ. *Homonym*, sp. *homónimo*). Gott dæmi um það er að finna í fasta orðasambandinu *mit Kind und Kegel* (,með börn og buru‘). Orðið *Kegel* (,keila‘) er til í þýsku en í orðtakinu kemur hins vegar fyrir samyrðið *Kegel* (,óskilgetið barn‘) sem er orðsifjalega og merkingarlega annað orð en *Kegel* (,keila‘) (Fleischer 1982, 45; Sverrisdóttir 2012, 184). Í orðasamböndum kemur fyrir að orð sem til eru í málinu séu notuð í orðapari í þeim tilgangi einum að kalla fram hljómfall og rím. Dæmi um slíkt í spænsku er orðaparið (*prometer*) *el oro y el moro* (,lofa gulli og grænum skógum‘). Seinni liðurinn *moro* merkir ‚mári, íbúi Norður-Afríku‘, og hefur ekkert með merkingu orðasambandsins að gera; *moro* rímar hinsvegar við orðið *oro* (García-Page Sánchez 1990, 287; 2008, 332).

Samkvæmt skilgreiningu Burgers geta orðapör ennfremur verið þannig gerð að sama orðið er endurtekið og tengt með tengiorði. Sem dæmi má nefna *Schulter an Schulter*, *hombro con hombro* og *blið við blið* sem öll merkja það sama.⁷

Þá gerir Burger ennfremur greinarmun á orðapörum eftir því

7 Hjá Burger er hins vegar ekki alltaf gerður skýr greinarmunur á því sem hann nefnir *líkanamyndanir* (*Modellbildungen*) og orðapörum sem mynduð eru á þennan hátt. Líkanamyndanir fylgja ákveðnu mynstri s.s. *x fúr x*, *x tras x* og *x eftir x* (Burger 2007, 55). Dæmi: *Tag fúr Tag*, *día tras día* og *dag eftir dag*. Hins vegar eru *Schritt fúr Schritt*, *paso por paso* og *skref fyrir skref* dæmi um hlíðstæð orðapör með samsvarandi merkingu á þýsku, spænsku og íslensku.

hvort orðtakseðli er fyrir hendi, *Paarformel*, eða ekki, *Wortpaar* (Burger 2015, 55). Enn aðrir fræðimenn gera greinarmun á heitunum *Zwillingsformel*, *Paarformel* og *Wortpaar* (sjá Stöhr 2007). Hér verður ekki farið út í slíkan mun á orðapörum.

Orðtakseðli orðapara getur verið mismunandi. Til eru orðapör sem ekki hafa orðtakseðli (þ.e. eru ekki ídíoatísk) og má þar nefna orðasamböndin *dick und fett* (þéttur og feitur) í þýsku, *padres e hijos* (foreldrar og börn) í spænsku og *stór og feitur* í íslensku. Orðapar í þýsku sem að hluta til er með orðtakseðli er t.d. dæmis *klipp und klar* (skýrt og skorinort), í spænsku (*perder*) *el perro y la cadena* (tapa öllu) og í íslensku *titra og skjálfa*. Dæmi um orðapör sem búa yfir orðtakseðli eru þýska orðparið *gang und gäbe sein* (vera mjög algengur), *carne y uña* (vera samrýmdir) í spænsku og *hafa tögl og bagldir* í íslensku (sjá Burger 2015, 55; García-Page Sánchez, 2008, 389–396).

Eins og áður kom fram eru orðapör alla jafna ekki ígildi setninga, þeim þarf því að bæta inn í setningar. Þau eru yfirleitt samsett úr tveimur liðum, eru *tvíliða* (þ. *doppelgliedrig*, sp. *estructura binaria*), þ.e. samanstanda af tveimur mismunandi orðum, *kjarnaorðum*, úr sama orðflokki sem mynda einkonar par tengt með *tengiorðum* (*Fügewörter, nexos*). Ef um orðapör sem mynduð eru með sama orðinu er að ræða eru þau stundum nefnd *einleggja orðapör* (*eineiige Wortpaare, palabras siamesas*) og er þá tengiorðið oftast forsetning.

Þau íslensku, spænsku og þýsku orðapör sem fjallað verður um hér eru fyrst og fremst af þeirri gerð að í þeim er ekki um endurtekningu á sama kjarnaorði að ræða. Í næsta kafla verður vikið að helstu flokkum orðapara í málunum þremur.

3. Flokkun orðapara

Orðapörum má skipa í flokka eftir sameiginlegum einkennum þeirra. Flestir fræðimenn telja nærtækast að flokka orðapörin eftir byggingu (Burger, Hofmeister, García-Page Sánchez, Almela Pérez og fleiri). Aðrir hafa beint sjónum að hljómrænum einkennum orðaparanna og hefur sú nálgun gefið af sér flokk þar sem einkum er litið til stuðlunar, ríms og hrynjandi paranna (Burger 2015, 55; García-Page Sánchez 2008, 331–332; 1998; Luque Nada 2017).

Einnig eru orðapörin flokkuð eftir merkingarlegum venslum kjarna-orðanna (Burger 2015, 55; García-Page Sánchez 2008, 332–334; Luque Nada 2017). Hér verða helstu flokkunum gerð skil og dæmi gefin úr málunum þremur. Þess ber að geta að í þýsku hefur mikið verið rannsakað á þessu sviði og fylgdu spænskir fræðimenn fljótlega í kjölfarið. Rannsóknir á orðapörum í íslensku eiga sér hins vegar ekki ýkja langa sögu.

Viða var leitað fanga til að viða að sér dæmum um orðapör, m.a. úr helstu orðabókum viðkomandi tungumála, sögulegum orðabókum, orðsifjabókum og ýmsum gagnagrunnum sem eru aðgengilegir á íslenskum, spænskum og þýskum vefsíðum, eða í seðlasöfnum og stofnunum þar sem stundaðar eru rannsóknir í orð- og orðasambandafræði.⁸

3.1. Flokkun eftir byggingarlegum einkennum: Tengiorð og orðflokkar

Eitt helsta einkenni orðaparanna eru smáorð sem tengja saman kjarnaorðin í orðasambandinu en helstu tengiorðin (to) eru samtengingar (st) og forsetningar (fs). Algengasta tengiorðið er samtengingin og (t.d. *börn og burir*, í þolfalli *börn og buru*) en einnig koma víða fyrir samtengingin *eða* (t.d. *allt eða ekkert*) sem, eins og samtengingin *og*, er einyrt, og hinar fleiryrtu, eða fleyguðu, samtengingar *annaðhvort ... eða* (t.d. *segja annaðhvort af eða á*) og *hvorki ... né* (t.d. *hvorki fugl né fiskur*). Í spænsku og þýsku koma sömu samtengingar við sögu: *y* (t.d. *dares y tomares*), *o*, *o... o*, *ni... ni* og *und*, *oder*, *entweder ... oder*, *weder ... noch* (t.d. *weder Fisch noch Fleisch*).

Þá eru forsetningar einnig nokkuð algeng tengiorð eins og áður sagði. Má hér til að mynda nefna orðapörin *skref fyrir skref* og *trekk í trekk*. Jafngildi sömu forsetninga koma fyrir í orðapörum í spænsku (*día a día*, *poco a poco*, *codo con codo*) og þýsku (*Fragen über Fragen*, *Jahr um Jahr*, *Tag für Tag*) eins og vikið verður að síðar.

Kjarnaorðin eru í flestum tilfellum nafnorð og verður bygging orðaparsins þá með þessum hætti: nafnorð + tengiorð + nafnorð ([no+to+no]). Önnur kjarnaorð heyra til orðflokka eins og lýsingar-

8 Höfundar þakka Magnúsi Sigurðssyni fyrir greinargóðar og gagnlegar ábendingar.

orða (lýsingarorð + tengiorð + lýsingarorð [lo+to+lo]), atviksorða (atviksorð + tengiorð + atviksorð [ao+to+ao]), sagnorða (sagnorð + tengiorð + sagnorð [so+to+so]) og fornafna (fornafn + tengiorð + fornafn [fn+to+fn]).

Hér á eftir fara nokkur dæmi um íslensk, spænsk og þýsk orðapör úr þessum flokki.

3.1.1. Flokkun eftir tengiorðum og orðflokkum: Orðapör með samtengingum

Eins og áður sagði eru helstu samtengingarnar sem koma fyrir í orðapörunum í íslensku: *og, eða, annaðhvort ... eða, hvorki ... né*, í spænsku: *y, o, o ... o, ni ... ni* og í þýsku eru þau: *und, oder, entweder ... oder, weder ... noch*. Orðin tengja alla jafna saman orð úr sama orðflokki þó að ekki sé það algilt.

3.1.1.1. Nafnorð

Hér á eftir fara orðapör þar sem kjarnaorðin tvö eru nafnorð. Bygging orðaparanna er eftirfarandi nafnorð + samtenging + nafnorð eða [no+st+no].

Íslenska: *ár og dagur, betl og basl, bull og þvættingur, bændur og búalið, Davíð og Goliát, eldur og eimyrja, eynd og volæði, friður og ró, glaumur og gleði, háð og spott, himinn og haf, happa og glappa, hvorki fugl né fiskur, já og amen, Jón og séra Jón, láð og lögur, líf og limir, lof og dýrð, lof eða last, loft og láð, lon og don, lög og regla, ný og nið, ótti og skelfing, Pétur og Páll, ráð og dáð, Rómeó og Júlía, sníkjur og snapir, sorg og sút, sultur og seyra, svik og prettir, hvorki tangur né tetur, tvist og bast, tögl og hagldir, undur og stórmerki, vein og kvein, ær og kýr, æra og trú.*

Spænska: *alfa y omega* (,alfa og ómega'), (*coger*) *carretera y manta* (,halda í ferðalag'), *dares y tomares* (,eiga orðaskipti'), *David y Goliat*, (*llamar*) *al pan, pan y al vino, vino* (,vera hreinskilinn'), *los pros y los contras* (,kostir og gallar'), *uña y mugre* (,vera samrýndir'), (*negar*) *el pan y la sal* (,meta ekki að verðleikum'), *ni paular ni maular* (,hvorki æmta né skræmta'), *ni rey ni roque* (,enginn, ekki neitt'), *noche y día* (,dagur og nótt'), (*contigo*) *pan y cebolla* (,gegnum súrt og sætt'), *pan*

y toros (,útdeila dúsum‘), paz y tranquilidad (,friður og ró‘), (como) perro y gato (,eins og hundur og köttur‘), punto y basta (,punktur og basta‘), Romeo y Julieta, (ser) tortas y pan pintado (,vera auðvelt‘), (ser) uña y carne (,vera mjög nánir vinir‘), usos y costumbres (,venjur og hefðir‘).

Þýska: das A und O (,aðalatriðið‘), Furcht und Schrecken (,ótti og skelfing‘), Geld oder Leben (,peningana eða lífið‘), Gift und Galle (spucken) (,hella úr skálum reiði sinnar‘), Hab und Gut (,aleigan‘), (mit) Haut und Haar/Haaren (,í húð og hár‘), Hinz und Kunz (,Pétur og Páll‘), Ja und Amen (,já og amen‘), Kommen und Geben (,rennerí‘), Kretzi und Plethi (,allir, Pétur og Páll‘), Kraut und Rüben (,hráviði‘), Land und Leute (,land og þjóð‘), Lug und Trug (,lygar og blekkingar‘), Lust und Laune (,eftir hentugleikum‘), Nacht und Nebel (,með leynd, í skjóli nætur‘), Pech und Schwefel (,óaðskiljanlegir‘), Romeo und Julia, Sack und Pack (,hafurtask‘), Samt und Seide (,í pell(i) og purpura, rík-mannleg klæði‘), Schall und Rauch (,innantóm orð‘), (jemandes) Tun und Treiben (,það sem e-r hefst að, athafnir e-s‘), Wohl und Wehe (,velferð‘).

3.1.1.2. Lýsingarorð

Kjarnaorðin í eftirfarandi orðapörum eru lýsingarorð og bygging þeirra er þá lýsingarorð + samtenging + lýsingarorð og stytt: [lo+st+lo]. Hér skal á það bent að oft getur verið erfitt að greina á milli lýsingarorðs og atviksorðs í íslensku og þýsku og fyrir vikið getur eftirfarandi flokkun ekki talist óumdeilanleg.

Íslenska: glaður og reifur, gott og gilt, haltur og skakkur, hár og grannur, breinn og beinn, klappað og klárt, klippt og skorið, lífs eða liðinn, ljótur og leiðinlegur, réttur og sléttur, ríkir og fátækir, skýr og skorinorður, skakkur og skældur, sléttur og felldur, slyppur og snauður, súrt og sætt, svart og hvítt, svart og sykurlaust.

Spænska: alto y bajo (,hár og lágur‘), ares y mares (,gnótt‘), blanco y negro (,svart og hvítt‘), bueno y barato (,gott og ódýrt‘), claro y oscuro (,ljós og skuggar‘), común y corriente (,algengur, hversdagslegur‘),

corriente y moliente (,sléttur og felldur'), *grandes y chicos* (,stórir og smáir'), *largo y tendido* (,vítt og breitt'), *ni muerto ni vivo* (,hvorki lífs né liðinn'), *puro y duro* (,hrein og beinn'), *raso y claro* (,stutt og lag-gott'), *sano y salvo* (,heill á húfi').

Þýska: *arm, aber glücklich* (,fátækur en hamingjusamur'), *fix und fertig* (,búinn að vera'), *hart, aber gerecht* (,strangur en sanngjarn'), *klein, aber fein* (,lítill en góður'), *klipp und klar* (,skýrt og skorinort'), *krumm und schief* (,skakkur'), *kurz und bündig* (,stuttur og laggóður'), *kurz und gut* (,í stuttu máli'), *langsam, aber sicher* (,hægt og bítandi'), *laut und deutlich* (,hátt og snjallt'), *recht und billig* (,rétt og sann-gjarnt'), *sang- und klanglos* (,sporlaust'), *tief und fest (schlafen)* (,vera steinsofandi'), *weit und breit* (,vítt og breitt').

3.1.1.3. Atviksorð

Eftirfarandi eru orðapör þar sem kjarnaorðin eru atviksorð og bygging orðaparsins þá atviksorð + samtenging + atviksorð og formúla þaranna eftirfarandi: [ao+st+ao].

Íslenska: *ár og síð, endrum og eins, fram og aftur, fram og til baka, fyrir eða síðar, þéðan og þaðan, þingað og þangað, hist og her, hægt og bítandi, oft og einatt, oft og tíðum, sí og æ, sundur og saman, sýkent og heilagt, upp og ofan, út og suður, vítt og breitt, þvers og kruss.*

Spænska: *así y todo* (,þrátt fyrir allt'), *antes o después* (,fyrir eða síðar'), *antes y con antes* (,sem fyrst'), *más pronto o más tarde* (,fyrir eða síðar'), *ni más ni menos* (,hvorki meira né minna'), *o todo o nada* (,allt eða ekkert'), *según y conforme* (,eins og'), *según y como* (,eins og'), *tarde o temprano* (,fyrir eða síðar'), *única y exclusivamente* (,einvörðungu').

Þýska: *ab und an* (,af og til'), *ab und zu* (,af og til'), *auf und davon* (,í burtu, á bak og burt'), *drunter und drüber* (,óreiða'), *einzig und allein* (,einvörðungu'), *früher oder später* (,fyrir eða síðar'), *hier und da* (,hér og þar'), *hier und jetzt* (,hér og nú), *hin und wieder* (,af og til'), *hinten und vorn* (,að framan og aftan'), *kreuz und quer* (,þvers og kruss'), *mehr*

oder weniger (,meira eða minna'), oben und unten (,uppi og niðri'), wieder und wieder (,aftur og aftur'), wirklich und wahrhaftig (,í raun og veru').

3.1.1.4. Sagnorð

Dæmi um orðapör þar sem sagnorð eru kjarnaliðir er að finna í öllum málunum sem hér er fjallað um. Byggingin er sagnorð + samtenging + sagnorð eða [so+st+so].

Íslenska: *arga og garga, beygja sig og bugta⁹, bíta og brenna, bölvu og ragna, fetta sig og bretta, hoppa og skoppa, hrópa og kalla, hrökkva eða stökkva, kvarta og kveina, kveina og veina, loka og læsa, ræna og rupla, segja og skrifa, snapa og gapa, sópa og fága, svíkja og pretta, tauta og raula, titra og skjálfa, úa og grúa, væla og skæla, hvorki æmta né skræmta, öskra og brína.*

Spænska: *basta y sobra (,meira en nóg'), dicho y hecho (,sagt og gert'), dimes y diretes (,þjark og þref'), hablar y no acabar (,tala út í eitt'), ir y venir (,fram og aftur'), más y más (,meir og meir'), ni entrar ni salir (,skipta sér ekki af e-u'), querer y no poder (,vilja en geta ekki'), tira y afloja (,togstreita'), traer y llevar (,sendast með e-ð'), verse y desearse (,leggja mikið á sig'), vivo y coleando (,í fullu fjöri').*

Dýska: *ackern und rackern (,vinna myrkrana á milli'), bitten und betteln (,grátbiðja'), drehen und wenden (,hvernig sem á er litið'), geben und nehmen (,gefa og þiggja'), gebüpft wie gesprungen (,sama hvort er'), begen und pflegen (,hugsa vel um'), hoffen und bangen (,vera milli vonar og ótta'), kommen und geben (,koma og fara'), (was) kreucht und fleucht (,öll dýr sem geta skriðið eða flogið'), sagen und schreiben (,segja og skrifa'), sausen und brausen (,þjóta'), schalten und walten (,ráða einhverju'), suchen und finden (,leita og finna'), verflixt und zugenäht (,grábölvað'), wachsen und gedeiben (,vaxa og dafna'), wanken und schwanken (,riða, skjöggra').*

9 Einnig *bugta sig* og *beygja*.

3.1.1.5. Fornöfn

Orðapör með fornöfnum í kjarnaliðum eru ekki mörg í tungumálunum þremur. Bygging þeirra er fornöfn + samtenging + fornöfn eða [fn+st+fn].

Íslenska: *allt eða ekkert, allt og sumt, eitt og annað, þeir og þessir, hitt og þetta, meira og meira.*

Spænska: *una y no más* (einu sinni og ekki aftur), *ni uno ni otro* (,hvorugur'), *nada y menos* (,örlítið').

Þýska: *alles oder nichts* (,allt eða ekkert'), *alles im allen* (,að öllu samanlögðu, þegar upp er staðið'), *dies und jenes* (,hitt og þetta').

3.1.2. Flokkun eftir tengiorðum: Orðapör með forsetningum {ko+fs+ko}

Helstu forsetningar sem koma fyrir í íslenskum orðapörum eru *á, eftir, frá, fyrir, í* og *við*; í spænsku eru þær *a, con, de, en, por, sin* og *tras* og í þýsku *an, auf, für, in, über, um* og *zu*. Formúla orðaparanna verður þá kjarnaorð + forsetning + kjarnaorð [ko+fs+ko]. Hér eru nokkur dæmi um orðapör með forsetningum sem tengiorð.

Íslenska: *auga fyrir auga, ár eftir ár, dag eftir dag, hlið við hlið, hönd í hönd, maður eftir mann, mann frá manni, trekk í trekk, skref fyrir skref.*

Spænska: *año tras año* (,ár eftir ár'), *bien a bien* (,með glöðu geði', ,fúslega'), *codo a codo* (,hlið við hlið'), *gota a gota* (,smátt og smátt'), *hablar þor hablar* (,tala markleysu'), *mano a mano* (,hönd í hönd'), *vez tras vez* (,skipti eftir skipti').

Þýska: *Auge um Auge* (,auga fyrir auga'), *Brust an Brust* (,hlið við hlið'), *Enttäuschung auf Enttäuschung* (,vonbrigði á vonbrigði ofan'), *Hand in Hand* (,hönd í hönd'), *Schlag auf Schlag* (,trekk í trekk'), *Schritt für Schritt* (,skref fyrir skref'), *Schulden über Schulden* (,skuldum vafinn').

3.1.3. Flokkun orðapara sem innihalda forsetningar og samtengingar {fs+ko+st+ko}

Forsetningar koma fyrir í mörgum orðapörum sem hafa samtengingu sem tengiorð. Flest dæmin hér á eftir sýna bygginguna forsetning + kjarnaorð + samtenging + kjarnaorð [fs+ko+st+ko].¹⁰ Deila má um hvort á ferðinni sé sérflokkur eða hvort um afbrigði af orðapörum með samtengingu sé að ræða. Margir þýskir og spænskir fræðimenn í orðasambandafræði greina ekki hér á milli (García-Page 2008, 84; Hofmeister, 2010) og setja orðapör eins og *sléttur og felldur* og *á bak og brjóst* í einn og sama flokk. Til glöggvunar er hér gerður greinarmunur á orðapörum sem birtast með forsetningu þótt strangt til tekið sé *ferð* og *flug* orðaparið í rununni *á ferð* og *flugi*. Málhafar nota orðaparið hins vegar alltaf með forsetningunni. Þá má nefna, til dæmis, að *von* og *vari* er yfirleitt notað í orðasambandinu *til vonar* og *vara*; *tíð* og *tími* kemur alla jafna fyrir í orðasambandinu *með tíð* og *tíma*. Mörg önnur orðapör taka með sér forsetningu og gildir þetta fyrir tungumálin þrjú sem hér eru til umfjöllunar.

Íslenska: *á bak og brjóst, á bak og burt, af lífi og sál, á ferð og flugi, á láði og legi, á rúí og stúi, á sníkjum og snöpum, á tá og fingri, á tjá og tundri, á við og dreif, án dóms og laga, eftir dúk og disk, frá Pontíusi til Pílatúsar, fyrir aftan og fyrir framan, fyrir fullt og allt, fyrir veðri og vindum, gegnum þykkt og þunnt, í bak og fyrir, í belg og biðu, í blíðu og stríðu, í bráð og lengd, í húð og hár, í gegnum þykkt og þunnt, í krók og kima, í krók og kring, í orði og æði, í pell(i) og purpura, í rass og rófu, í raun og veru, í ró og næði, í sand og ösku, í sátt og samlyndi, í tíma og ótíma, í ökkla eða eyra, með pompi og prakt, með raun og réttu, með raun og sanni, með ráðum og dáð, með tíð og tíma, milli fjalls og fjöru, milli Pontíúsar og Pílatúsar, milli skinns og hörunds, milli skíps og bryggju, milli stafs og hurðar, milli vonar og ótta, til sjávar og sveita, til skrafs og ráðagerða, til vonar og vara, um fjöll og firnindi, um mann og annan, upp á von og óvon, upp á æru og trú, út um torgir og trissur, við sult og seyru, yfir holt og hæðir, yfir láð og lög.*

¹⁰ Í nokkrum þeirra er atviksorð á undan forsetningunni.

Spænska: *a bombo y platillo* (,með lúðrablæstri og trumbuslætti'), *a cara o cruz* (þegar kastað er upp krónu: ,skjaldarmerki eða krónu'), *a las duras y a las maduras* (,gegnum þykkt og þunnt'), *a lo largo y ancho* (,vitt og breitt'), *a pan y agua* (,á brauði og vatni'), *a pan y cuc-billo* (,frítt fæði og húsnæði'), (*hacer*) *a pelo y pluma* (,veiða bæði fugla og dýr'), *a sangre y fuego* (,með hörku'), *a tranças y barrancas* (,með miklum erfiðismunum), *con alma y vida* (,af lífi og sál'), *con armas y bagajes* (,alfarið'), *con pelos y señales* (,í smáatriðum'), *contra viento y marea* (,hvað sem tautar og raular'), *de chicha y nabo* (,einskis virði'), *de oro y azul* (,vel tilhafður'), *del pan y del palo* (,af mildi og hörku'), (*quedarse*) *en cruz y en cuadro* (,vera allslaus'), *en cuerpo y alma* (,af lífi og sál', að fullu'), *en vivo y en directo* (,í beinni útsendingu'), *para dar y regalar* (,gnótt'), (*estar*) *para sopitas y buen vino* (,vera gamall og hrumur'), *por hache o por be* (,af einhverri ástæðu'), *por montes y valles* (,yfir fjöll og dali').

Þýska: *an Ort und Stelle* (,á staðnum'), *bei Nacht und Nebel* (,með leynd, í skjóli nætur'), *bei Wind und Wetter* (,í hvaða veðri sem er'), *durch dick und dünn* (,gegnum þykkt og þunnt'), *für immer und ewig* (,að eilífu'), *in Grund und Boden* (,algerlega'), *in Hülle und Fülle* (,í ómældu magni'), *in Samt und Seide* (,í pell(i) og purpura'), *mit Haut und Haar/Haaren* (,í húð og hár; með húð og hári'), *mit Leib und Seele* (,af lífi og sál'), *mit Pauken und Trompeten* (*durchfallen*) (,kolfalla'), *mit Sack und Pack* (,með allt sitt hafurtask'), *nach Lust und Laune* (,eftir hentugleikum'), *seit eh und je* (,frá ómunatíð'), *seit Jahr und Tag* (,í ár og dag'), *von Hundersten ins Tausendsete kommen* (,týna sér í smáatriðum'), *von Pontius bis Pilatus* (,frá Pontíusi til Pílatusar', ,milli Pontíusar og Pílatusar'), *über Berg und Tal* (,yfir fjöll og dali'), *unter Dach und Fach* (*sein*) (,vera klappað og klárt'), *zwischen Tür und Angel* (,á hlaupum').

3.2. Flokkun eftir hljómrænum einkennum: Stuðlun og rím

Mörg orðapör eiga það sameiginlegt að hljóð og hljóðasambönd í kjarnaorðum þeirra eru endurtekin, sem gerir hljómfal þeirra og hrynjandi áberandi. Í þessum orðapörum má sjá sterk tengsl við skáldskap og mælskulist svo sem stuðlun, endarím, innrím og fleira

sem lýtur að hljómfalli paranna. Hér á eftir eru nokkur dæmi um slík orðapör.

3.2.1. Stuðlun

Íslenska: *á ferð og flugi, á tjá og tundri, börn og burir, fjöll og firnindi, frá toppi til táar, fýr og flamma,¹¹ bolt og hæðir, hvorki haus né hali, krókur og kimi, lífs eða liðinn, lög og lof, múgur og margmenni, norður og niður, Pétur og Páll, út um hvippin (hvippinn) og hvappinn, úti um dittinn og dattinn.*

Spænska: *a cala y cata* (,til reynslu'), *de pe a pa* (,frá upphafi til enda'), *de rompe y rasga* (,ákveðinn'), *del tingo al tango* (,hingað og þangað'; ,fram og aftur'), *del timbo al tambo* (,fram og aftur'), *ni fu ni fa* (,hvorki fugl né fiskur'), *tirios y troyanos* (,óvinir').

Þýska: *bei Nacht und Nebel* (,með leynd, í skjóli nætur'), *drunter und driübergerben* (,vera í óreiðu'), *Feuer und Flamme* (,vera upprifinn'), *klipp und klar* (,skýrt og skorinort'), *in Bausch und Bogen* (,með öllu, í heild sinni'), *mit Glanz und Gloria* (,með pompi og prakt'), *mit Kind und Kegel* (,með börn og buru'), *mit Mann und Maus* (,með manni og mús'), *vom Scheitel bis zur Soble* (,frá hvirfli til ilja'), *Zittern und Zagen* (,ótti, kjarkleysi').

3.2.2. Rím

Íslenska: *arga og garga, á rúi og st(r)úi, grænt og vænt, höpp og glöpp, hoppa og skoppa, holt og bolt, í blíðu og stríðu, í hólf og gólf, lon og don, með ráð og dáð, veina og kveina, væla og skæla.*

Spænska: *a ciencia y paciencia* (,með vissu og vitund e-s'), *a tranças y barrancas* (,með miklum erfiðismunum), *contante y sonante* (,reiðufé'), *de cabo a rabo* (,frá upphafi til enda'), *de la ceca a la meca* (,fram og til baka'), *de tomo y lomo* (,út í gegn'), *hecho y derecho* (,lögráða'), *ni ton ni son* (,út í bláinn'), *(no tener) ni arte ni parte* (,hafa ekkert með e-ð að

11 Notað í talmáli í íslensku.

gera'), (*no decir*) *oxte y moxte* (,segja ekki eitt aukatekið orð'), *a troche y moche* (,út og suður').

Pýska: *dann und wann* (,af og til'), *seit eb und je* (,frá ómunatíð'), *beuern und feuern* (,ráða og reka'), *Hinz und Kunz* (,Pétur og Páll'), *hüben und driiben* (,beggja vegna'), *klein, aber fein* (,lítill en góður'), *Knall auf Fall* (,allt í einu'), *Krethi und Plethi* (,allir, Pétur og Páll'), *was kreucht und fleucht* (,öll dýr sem geta skriðið eða flogið'), *Lug und Trug* (,lygar og blekkingar'), *mit Ach und Krach* (,með herkjum'), *außer Rand und Band* (,úr böndunum, stjórnláus'), *in Saus und Braus* (*leben*) (,lífa hátt'), *wanken und schwanken* (,riða, skjöggra'), *unter Dach und Fach* (,klappað og klárt').

3.3. Flokkun eftir merkingarlegum venslum kjarnaorða

Eitt af einkennum orðapara eru hin merkingarlegu vensl kjarnaorða í fyrri og seinni lið. Í mörgum þörum er seinni liðurinn svipaðrar merkingar (skyldheiti) og jafnvel samheiti fyrra kjarnaorðsins eða andheiti þess. Einnig getur verið um yfir- eða undirheiti að ræða eða að bæði orðin heyri undir sama hugtaka- eða merkingarsvið.

3.3.1. Samheiti og skyldheiti

Íslenska: *bólva og ragna, eynd og volæði, gláður og reifur, hoppa og skoppa, loka og læsa, sléttur og felldur, svei og sveiattan, titra og skjálfa, undur og stórmerki, væla og skæla.*

Spænska: *al fin y al cabo* (,að endingu og að lokum'), *al fin y a la postre* (,að endingu og að lokum'), *daños y perjuicios* (,spell og spjöll'), *de golpe y porrazo* (,með höggum og barsmíðum'), *dueño y señor* (,húsbóndi og herra'), *justo y cabal* (,réttlátur og sanngjarn'), *lisa y llanamente* (,sléttur og felldur'), *ni hablar ni parlar* (,hvorki tala né spjalla').

Pýska: (*jemandem ist*) *angst und bange* (,e-r er hræddur og óttasleginn'), *Art und Weise* (,háttur'), *auf Schritt und Tritt* (,við hvert fót-

mál'), *weder Baum noch Strauch* (,ekki stingandi strá'), *bitten und betteln* (,biðja og betla, grátbiðja'), *(sich) dumm und dämlich (verdienen)* (,stórgræða án fyrirhafnar, græða á tá og fingri'), *Haus und Hof* (,hús og bú, allar eigur'), *nie und nimmer* (,aldrei'), *schalten und walten* (,ráða e-u'), *schlicht und einfach* (,einfaldlega'), *Sitte und Brauch* (,siðir og venjur'), *zittern und beben* (,skjálfa og titra').

3.3.2. *Andbeiti*

Íslenska: *allt eða ekkert, fram og aftur, fram og til baka, hér og þar, hægri og vinstri, í gleði og sorg, koma og fara, kaup og sala, líf og dauði, lífs eða liðinn, svart og hvítt, upp og niður, upphaf og endir.*

Spænska: *a las duras y a las maduras* (,í gegnum þykkt og þunnt'), *cara y cruz* (,skjaldarmerkið eða krónuna'), *compra y venta* (,kaup og sala'), *ir y venir* (,fram og aftur'), *más o menos* (,meira eða minna'), *sin pena ni gloria* (,án stórtíðinda'), *tarde o temprano* (,fyrr eða síðar'), *tira y afloja* (,takast á og gefa eftir'), *tejer y destejer* (,endurtaka'), *toma y daca* (,taka og gefa'), *traer y llevar* (,sendast með e-ð'), *triste y alegre* (,sorgmæddur og glaður'), *verdades y mentiras* (,sannleikur og lygi').

Þýska: *Alt und Jung* (,ungir sem aldnir'), *Anfang und Ende* (,upphaf og endir'), *Arm und Reich* (,ríkir og fátækir, þeir fátækustu og þeir ríkustu; allir (án tillits til efnahags')), *dieses und jenes* (,hitt og þetta'), *Freund und Feind* (,vinir sem óvinir, allir'), *hier und da* (,hér og þar'), *Leiden und Freuden* (,sorg og gleði'), *tun und lassen* (,gera og láta ógert'), *überall und nirgends* (,alls staðar og hvergi'), *wohl und übel* (,hvort sem e-m líkar betur eða verr').

3.3.3. *Önnur vensl*

Mörg orðapör falla undir ákveðin merkingar- eða hugtakasvið. Má sem dæmi nefna dýra- og plönturíkið, ýmis náttúrufyrirbæri, mat og drykk en einnig atvinnuhætti, menningu og trúarbrögð auk þess sem mörg orðapör eiga uppruna sinn í Biblíunni og lagamáli. Dæmin hér á eftir vísa öll til eins og sama merkingarsviðs: mannslíkamans og hluta hans.

Íslenska: *af holdi og blóði, (vera) augu og eyru (e-s), frá hvirfli til ilja, frá toppi til táar, grátur og gnístran tanna, banda og fótalaus, í húð og háar, líf og limir, með kjafti og klóm.*

Spænska: *atado de pies y manos* (,bundinn í báða fætur‘), *con uñas y dientes* (,með kjafti og klóm‘), *de carne y hueso* (,af holdi og blóði‘), *de pies a cabeza* (,frá hvirfli til ilja‘), *en cuerpo y alma* (,af líf og sál‘), *no tener (ni) pies ni cabeza* (,vera fráleitt, út í hött‘), *ser uña y carne* (,vera óaðskiljanleg‘).

Þýska: *auf Herz und Nieren (prüfen)* (,rannsaka gaumgæfilega‘), *von Kopf bis Fuß* (,frá hvirfli til ilja‘), *Kopf und Kragen (riskieren)* (,hætta lífi og limum‘), *weder Hand noch Fuß (haben)* (,vera úr lausu lofti gripinn‘), *mit Leib und Seele* (,af lífi og sál‘), *vom Scheitel bis zur Sohle* (,frá hvirfli til ilja‘).

4. Sameiginleg einkenni orðapara í íslensku, spænsku og þýsku

Þessi rannsókn hefur leitt í ljós að í íslensku, spænsku og þýsku koma fyrir fóst orðasambönd sem greinilega eru orðapör. Dæmin í kaflanum hér á undan vitna um að gerð og notkun þeirra er sambærileg í tungumálunum þremur, þ.e. annars vegar er oftast um tvö hliðskipuð orð úr sama orðflokki að ræða en hins vegar getur sama orðið verið endurtekið, og eru þau tengd með samtengingu eða forsetningu. Í málunum þremur koma fyrir orðapör þar sem kjarna-orðin eru samheiti, skyldheiti eða andheiti. Enn fremur er stuðlun og rím einkennandi fyrir mörg þeirra. Þetta gildir um fleiri tungumál veraldar og má þar af leiðandi draga þá ályktun að algilt gangverk liggja þessum orðasamböndum til grundvallar í tungumálum heims og er íslenska þar engin undantekning; orðapör í íslensku lúta sömu lögmálum og orðapör í öðrum málum, t.d. spænsku og þýsku. Notkun orðapara er víðast ákveðið stílbragð sem beitt er í töluðu og rituðu máli til að leggja áherslu á það sem sagt er.

Tungumálin bergja af sama brunni hvað varðar mörg orðapör, þau eru fengin annars staðar að, eru svokölluð „tökuorðapör“, og

fyrir vikið kemur ekki á óvart að hliðstæð orðapör fyrirfinnist í mörgum menningarmálum heims; sum jafnvel fengin úr forngrískum og latneskum textum, önnur úr Biblíunni eins og áður var vikið að. Í íslensku koma fyrir orðapör sem má rekja í gegnum dönsku til þýskra orðapara. Dæmi um þetta eru orðapörin *þvers og kruss*, þýska *kreuz und quer*, og *vera fýr og flammi* sem á þýsku er *Feuer und Flamme sein* (Oddný G. Sverrisdóttir 2012, 180–181). Ef litið er til orðapara sem koma fyrir í tungumálunum þremur má nefna í íslensku í *gegnum þykkt og þunnt* sem á sér hliðstæður í þýsku og spænsku, þ.e. *durch dick und dünn* og í spænsku fyrirfinnst orðaparið *a las duras y las maduras*. Fleiri kunn dæmi um hliðstæð orðapör í málunum þremur eru *frá a til ö, de la «a» a la zeta* og *von A bis Z*, sem vísa til fyrsta og síðasta stafs í stafrófi hvers tungumáls. *Frá hvirfli til ilja, de pies a cabeza* og *von Kopf bis Fuß* eru orðapör sem spretta af þeirri staðreynd að mannslíkaminn er notaður sem viðmið. Í orðapörum geta ennfremur geymst sérkenni hvers tungumáls og menningarsvæðis. *Pétur og Páll* eru *Hinz und Kunz* í þýsku og á spænsku *mengano y fulano*. *Pétur og Páll* vísa trúlega í Biblíuna. *Hinz und Kunz* eru gælunöfn fyrir mannanöfnin Heinrich og Konrad, en það voru algeng nöfn keisara fyrr á tímum. Bæði orðin í spænsku eru fengin úr arabísku (*DLE*) og hafa verið notuð í málinu frá fornu fari.

5. Lokaorð

Í þessari grein hefur verið leitast við að varpa ljósi á einkenni og gerð orðapara í íslensku, spænsku og þýsku. Eins og minnst var á þá falla orðapör í flokk fastra orðasambanda en sérkenni slíkra orðasambanda eru fleiryrdiseðli þeirra og festa ásamt orðtakseðli.

Fjölmörg dæmi um orðapör fyrirfinnast í tungumálunum þremur og eru þau mörg samsvarandi hvað varðar einkenni, gerð og jafnvel uppruna eins og þessi samanburðarrannsókn hefur leitt í ljós. Bygging og notkun orðapara í tungumálunum þremur er sambærileg: þau eru mynduð af tveimur hliðskipuðum kjarnaorðum – tveimur nafnorðum, lýsingarorðum, atviksorðum eða sagnorðum – sem tengjast með samtengingu eða forsetningu. Í öllum málunum

fundust dæmi um orðapör sem heyra undir þá flokka sem voru kynntir til sögunnar og lúta að venslum og afstæðum kjarnaorðanna í þörunum. Flokkað var eftir formgerð orðasambandsins, til að mynda orðflokkum og tengiorðum, þá hljómrænum einkennum og stíleinkennum, stuðlun, rími og hrynjandi, og að lokum merkingarlegum venslum kjarnaorðanna (ef um var að ræða samheiti, skyldheiti, andheiti eða orð sem heyrðu undir sama merkingarsvið). Þá hefur notkun orðapara frá alda öðli auðgað tunguna og gert hana kjarnmikla og blæbrigðaríka. Þetta á við um öll tungumálin þrjú sem hér eru í brennidepli.

Fleyg orð skáldsins Johanns Wolfgang von Goethe, „Wer fremde Sprachen nicht kennt, weiß nichts von seiner eigenen“, þ.e. „Sá sem ekki kann erlend tungumál, þekkir ekki sitt eigið“, undirstrika hversu mikilvægur samanburður erlendra tungumála við móðurmálið er. Samanburður af þessu tagi getur tvímælalaust varpað ljósi á ýmislegt í eigin móðurmáli sem ekki hefur verið augljóst fram að þessu.

ÚTDRÁTTUR

Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott: Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku

Í þessari grein er sjónum beint að orðapörum í íslensku, spænsku og þýsku. Orðapör falla í flokk fastra orðasambanda en sérkenni þeirra eru fleiryrdiseðli, festa og orðtakseðli. Fjallað er um helstu einkenni og flokkun orðapara í tungumálunum þremur en bygging og notkun orðapara í málunum er sambærileg. Orðapör eru alla jafna tvíliða, þ.e. samsett af tveimur hliðskipuðum orðum, kjarnaorðum, úr sama orðflokki sem mynda þar tengt með tengiorði (kjarnaorð + tengiorð + kjarnaorð). Orðapörin eru mynduð með kjarnaorðum eins og nafnorðum, sögnum, lýsingarorðum, atviksorðum eða fornöfnum. Tengiorðin eru samtengingar (*bolt og bolt*) og/eða forsetningar (*dag eftir dag*). Í tungumálunum þremur fundust orðapör sem heyra undir þá flokka sem eru til umfjöllunar og lúta að venslum og afstæðum kjarnaorðanna í orðapörunum. Flokkað er eftir formgerð orðasambandsins, svo sem orðflokkum og tengiorðum (*ár og dagar, uña y mugre, Lug und Trug*), hljómrænum einkennum og stíleinkennum, til að mynda stuðlun, rími og hrynjandi (*fjöll og firnindi, arga og garga, tivos y troyanos, troche y moche, klipp und klar, hüben und drüben*) og merkingarlegum venslum kjarnaorðanna, svo sem þar sem um er að ræða samheiti, skyldheiti, andheiti og orð sem tilheyra sama merkingarsviði (*bólva og ragna, upphaf og endir, dueño y señor, toma y daca, bitten und bettlen, Leiden und Freuden*). Notkun orðapara hefur frá alda öðli auðgað tunguna og gert hana kjarnmikila og blæbrigðaríka. Þetta á við um tungumálin þrjú sem hér eru í brennidepli.

Lykilorð: Orðapör, orðasambönd, þýska, íslenska, spænska

ABSTRACT

Kurz und bündig, raso y corto or stutt og laggott: On binomial pairs in German, Spanish, and Icelandic

This article aims to study linguistic binomials in Icelandic, Spanish and German. Binomial pairs belong to set phraseological multi-word sequences, and belong to field of the Phraseology. Here the main characteristics and categories of the binomial pairs found in the aforementioned languages are discussed.

Linguistic binomials have a binary structure, i.e. they are a sequence of two words which belong to the same grammatical category and form a pair joined by connectors (word + connector + word). The lexical elements which form the word pair are nouns, verbs, adjectives, adverbs or pronouns. The connectors can be coordinating conjunctions (*bolt og bolt*) or prepositions (*dag eftir dag*), for example. The binomial pairs that were found in the three languages in focus belong to all the aforementioned categories and share the same structural and semantic relationships. The binomials were classified according to: a) the structure, such as the word class and the connectors (*ár og dagar, uña y mugre, Lug und Trug*), b) the rhythmic and stylistic characteristics, e.g. alliteration, rhyme and rhythm (*fjöll og firnindi, arga og garga, tirios y troyanos, troche y moche, klípp und klar, hüben und driiben*) and c) the semantic relationship of the lexical members, for instance synonyms, quasi synonyms, antonyms and lexical field (*bólva og ragna, upphaf og endir, dueño y señor, toma y daca, bitten und bettlen, Leiden und Freuden*).

Through the centuries the usage of binomial pairs has enriched and added expressiveness to languages. This applies to the three languages focused on in this study.

Keywords: Binomial pairs, phraseology, German, Icelandic, Spanish

HEIMILDIR

- Aguilar Ruiz, Manuel José. 2011. „Vilo, repente y santiamén: Los «fósiles fraseológicos» como palabras diacríticas en la fraseología española.“ *Í Id est, loquendi peritita. Aportaciones a la lingüística diacrónica de los Jóvenes Investigadores de Histriografía e Historia de la Lengua Española*. Ritstýrt af Elena Carmona Yanes og Santiago Del Rey Quesada, 87–96. Sevilla: Universidad de Sevilla.
- . 2020. „Fósiles fraseológicos: La configuración formal de “voces fósiles” como palabras idiomáticas en locuciones españolas.“ *Filología* 42, 163–183.
- Almela Pérez, Ramón. 2006. „Binomios (irreversibles) en español.“ *Lingüística Española Actual* 28/2, 135–160.
- Almela Pérez, Ramón, Gerd Wotjak og Estanislao Ramón Trives. 2005. *Fraseología contrastiva con ejemplos tomados del alemán, español, francés e italiano*. Murcia: Universidad de Murcia, Servicio de Publicaciones.
- Alvarado Ortega, M. Belén. 2007. „Las fórmulas rutinarias como unidades fraseológicas.“ *ELUA* 21, 1–13.
- Balzer, Berit. 2008. „Tag nach Tag‘. Modifizierte Zwillingformeln in *Beim Häuten der Zwiebel* von Günter Grass. Erzähltechnischer Kunstgriff und traduktologische Lösung.“ *Quaders de Filologia. Estudis literaris* XIII, 185–204.
- . 2017. „Erre que erre / Hart auf Hart: Análisis tipológico de la reduplicación léxica en español y en alemán.“ *Í Discurso repetido y fraseología textual (español y español-alemán)*. Ritstýrt af Carmen Mellado Blanco, Katrin Berty og Inés Olza, 231–247. Madrid og Frankfurt am Main: Iberoamericana/Vervuert.
- Burger, Harald. 2007. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg.
- . 2015. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 5. útg.
- Corpas Pastor, Gloria. 1997. *Manual de fraseología española*. Madrid: Gredos.
- . 2003. *Diez años de investigación en fraseología: análisis sintáctico-semánticos, contrastivos y traductológicos*. Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana/ Vervuert.
- Donalies, Elke. 2009. *Basiswissen Deutsche Phraseologie*. Tübingen/Basel: A. Francke Verlag.
- . 2015. „Kurz und bündig – über Mehrlingsformeln.“ *IDS Sprachreport* 3, 28–33.
- Eddukvæði (Sæmundar-Edda)*. 1954. Ritstýrt af Guðna Jónssyni. Reykjavík: Íslendinga-sagnaútgáfan.
- Erla Erlendsdóttir og Núria Frías Jiménez. 2019. „Negro sobre blanco/ svart á hvítu: acercamiento a la fraseología cromática en español y en islandés.“ *Milli mála* 11, 39–61.
- Fleischer, Wolfgang. 1988. *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*. Leipzig: Bibliographisches Institut.
- García Bravo, Paloma. 2005. „La reproducción de Zwillingformeln en español: Un ejemplo de multiculturalidad y traducción.“ *CVC. Hieronymus* 12, 25–34.
- García-Page Sánchez, Mario. 1990. „Léxico y sintaxis locucionales: algunas conside-

- raciones sobre las palabras ‘idiomáticas.’“ *Estudios Humanísticos Filología*, 370–390.
- . 1998. „Binomios fraseológicos antitéticos.“ Í *Estudios de fraseología y fraseografía del español actual*. Ritstýrt af Gerd Worjak, 195–202. Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana/Vervuert.
- . 2008. *Introducción a la fraseología española. Estudio de las locuciones*. Barcelona: Anthropos.
- Gawel, Agnieszka. 2017. „Zur Ikonizität deutscher Zwillingformeln.“ *Linguistik online*, Bd. 81, nr. 2.
- Handbuch der Phrasologie*. 1982. Ritstýrt af Harald Burger, Annelies Buhofer og Ambros Siam. Vestur-Berlín/New York: de Gruyter.
- Häusermann, Jürg. 1977. *Phrasologie. Hauptprobleme der deutschen Phrasologie auf der Basis sowjetischer Forschungsergebnisse*. Tübingen: Niemeyer.
- Holzinger, Herbert J. 2018. „Unikale Elemente oder phraseologisch gebundene Wörter? Antworten aus korpuslinguistischer Sicht.“ *Revista de Filología Alemana* 26, 199–213.
- J. A. J. [Jón Aðalsteinn Jónsson]. 1998. „Tvítekning orða.“ *Morgunblaðið* 26. júlí 1998, 45. <https://timarit.is/files/18579206> [sótt 15. mars 2021]
- Jón Hilmar Jónsson. 2012. „Að fanga orðaforðann.“ *Orð og tunga* 14, 39–65.
- Lagüens Gracia, Vicente. 1992. „Semántica jurídica: binomios léxicos en la prosa notarial.“ Í *Actas del II Congreso Internacional de Historia de la Lengua Española*. Ritstýrt af Manuel Ariza Viguera o.fl., 1121–1128. Madrid: Pabellón de España.
- Luque Nada, Lucía. 2017. „Aspectos fraseológicos y culturales de los co-compuestos o binomios léxicos.“ *Language Design* 19, 149–204.
- Margrét Jónsdóttir. 2006. „Um ærsl, *búsl* og *úsl* í orðasamböndum.“ *Orð og tunga* 8, 105–115.
- Mellado Blanco, M. C. 1998. „Aproximación teórico-práctica a los “elementos únicos” en el alemán actual en su calidad de fósiles léxicos.“ Í *Tradición e innovación en los estudios de lengua, literatura y cultura alemanas en España*. Ritstýrt af Magallanes Latas, Fernando o.fl., 493–501. Sevilla: Kronos Universidad.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkun fastra orðasambanda.“ *Milli mála* 1, 149–172.
- . 2012. „Ein stök orð eða steingervingar tungumálsins. Nokkur stakyrði í föstum orðasamböndum í þýsku.“ *Milli mála* 4, 179–192.
- Palm, Christine. 1997. *Phrasologie. Eine Einführung*. Tübingen: Gunter Narr Verlag, 2. útg.
- Pamies Bertrán, Antonio. 2007. „De la idiomaticidad y sus paradojas.“ Í *Nouveaux apports à l'étude des expressions figées*. Ritstýrt af Germán Conde, 173–204. Cortil-Wodon: InterCommunications & E.M.E. (Collection Proximités – Didactique).
- Penas Ibáñez, María Azucena og Erla Erlendsdóttir. 2014. „Ítems léxicos metafóricos de los campos nocionales ‘miedo’, ‘tener hambre’ y ‘comer mucho’ en español, islandés y ruso.“ *Tonos digital* 26. https://www.um.es/tonosdigital/znum26/secciones/estudios-21-lexicos_metaforicos_y_campos_nocionales.htm
- . 2017. „Með hjartað í líkunum eða búxunum. Um myndhvörf í spænskum og íslenskum orðasamböndum.“ *Orð og tunga* 17, 63–93.

- Pérez-Salazar, Carmela. 2017. „Ni por esas ni por esotras; sin ton ni son. Origen, difusión, autoridad lexicográfica.“ *Estudios Filológicos* 59, 129–147.
- Rodríguez Sánchez, Ignacio y Fabiola Ramírez de Jesús. 2015. „Los binomios *N* y *N*. Una exploración desde un enfoque guiado por datos.“ Í *Estudios de lingüística funcional*. Ritstýrt af Eduardo Patricio Velázquez Patiño og Ignacio Rodríguez Sánchez, 165–196. Santiago de Querétaro: Editorial Universitaria.
- Röhrich, Lutz. 1982. *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*. Bd. 1–4. Freiburg/Basel/ Vín: Herder.
- Ruiz Gurillo, Leonor. 2001. *Las locuciones en español actual*. Madrid: Arco Libros.
- Stöhr, Anna. 2007. *Zwillingsformeln, Paarformeln und Wortpaare in der deutschen Gegenwartssprache*. München: Grin-Verlag.
- Tabares Plasencia, Encarnación. 2020. „Fraseología con nombre propio en el Diccionario de americanismos de la ASALE.“ *Revista de Filología Española* C, 2 (julio-diciembre), 471–498.
- Torrent-Lenzen, Aina. 2008. „Aspectos de fraseografía bilingüe español-alemán: la equivalencia frente a la definición.“ Í *Proceedings of the XIII EURALEX International Congress (Barcelona, 15–19 July 2008)*. Ritstýrt af Janet Ann DeCesaris og Elisenda Bernal, 1433–1443. Barcelona: Institut Universitari de Lingüística Aplicada. Universitat Pompeu Fabra.
- Wortjak, Gerd. 1998. *Estudios de fraseología y fraseografía del español actual*. Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana-Vervuert.

Orðabækur og gagnagrunnar

- DICE* = *Diccionario de colocaciones del Español*. Universidad de Coruña. <http://www.dicesp.com/paginas/> [sótt 15. mars 2021].
- DiLEA* = *Diccionario de locuciones idiomáticas del español actual*. 2019. Ritstýrt af Penadés Martínez, Inmaculada. Universidad de Alcalá og Universidad de Cádiz. <http://www.diccionariodilea.es/diccionario> [sótt 15. mars 2021].
- DLE* = Real Academia Española. *Diccionario de la lengua española*. Real Academia Española. <http://dle.rae.es> [sótt 15. mars 2021].
- DUDEN* = Dudenredaktion. *Duden Wörterbuch*. <https://www.duden.de/> [sótt 15. mars 2021].
- DUE* = María Moliner. 2004. *Diccionario de uso del español*. Madrid: Gredos.
- Hofmeister, Wernfried. 2010. *Sammlung der gebräuchlichen Zwillingsformeln in der deutschen Gegenwartssprache*. Graz. <http://zwillingsformeln.uni-graz.at/ZWILLINGS-FORMELN%20Hofmeister%2025-06-2010.pdf> [sótt 5. mars 2021].
- Instituto Cervantes. *Biblioteca fraseológica y paremiológica*. Ritstýrt af M.^a Teresa Zurdo Ruiz-Ayúcar og Julia Sevilla Muñoz. Centro Virtual Cervantes. https://cvc.cervantes.es/lengua/biblioteca_fraseologica/default.htm [sótt 15. mars 2021].
- ÍO = Íslensk orðabók. 2002. Ritstýrt af Merði Árnasyni. Reykjavík: Edda.
- ÍOS = Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. Íslensk orðsifjabók. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- ÍNO = Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Íslensk nútítmamálsorða-

- bók. Ritstýrt af Þórdísi Úlfarsdóttur og Halldóru Jónsdóttur. Árnastofnun. <https://isenskordabok.arnastofnun.is>
- Jón G. Friðjónsson. 1997. *Rætur málsins*. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan.
- . 2006. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Mál og menning, 2. útg.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastadur. Orðabók um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2. útg.
- . 2002. *Orðabeimur. Íslensk hugtakaorðabók með orða- og orðasam-bandaskerá*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- . 2004. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Jón Hilmar Jónsson og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Íslenskt orðanet. Árnastofnun. <https://ordanet.arnastofnun.is/> [sótt 15. mars 2021].
- Redensarten-Index. *Wörterbuch für Redensarten, Redewendungen, idiomatische Ausdrücke, Sprichwörter, Umgangssprache*. <https://www.redensarten-index.de/suche.php?useDesktop=1>

Dagblöð, tímarit, vefrit

- mbl.is*. 2021. „Kemur til greina að boða holt og bolt“, *Morgunblaðið* 30. apríl 2021. Kemur til greina að boða holt og bolt (*mbl.is*) [sótt 15. júlí 2021].
- ruv.is*. 2021. „Bæjarhátíðir um hvippinn og hvappinn um helgina“, *ruv.is* 9. júlí 2021. Bæjarhátíðir um hvippinn og hvappinn um helgina | RÚV (*ruv.is*) [sótt 15. júlí 2021].